



## 1. Ferð á Norðurpólinn



H4.26-27

Í mars árið 2000 lögðu tveir Íslendingar þeir Haraldur Örn Ólafsson og Ingbór Bjarnason af stað í ferð á Norðurpólinn. Ingbór varð að snúa við vegna kals á fingrum en Haraldur Örn komst á Norðurpólinn þann 12. maí 2000.



*Heyrum hvað Haraldur og Ingbór segja um ferðina:*

„Fólk heldur kannski að þetta sé sléttur snjór sem maður er að ganga yfir en það er nú langt frá því,“ segir Haraldur Örn. „Það er ekki sléttur blettur hérna. Maður er heppinn að finna svona staði þar sem flugvél getur lent.“ „Og þetta lítur miklu betur út úr lofti en af jörðu,“ segir Ingbór. „Já, oft þegar maður hefur staðið með sleðann, sem er svona 80 kíló, sér maður ekkert nema endalaus víðáttu fulla af íshryggjum og maður bara situr fastur. Togar og togar og maður hreyfist varla. Maður hugsar: Þetta er ekki hægt! En ég hugsaði þetta: Það er alltaf leið. Hversu illa sem þetta leit út, hversu vonlaust sem þetta virtist vera, þá vissi ég að það væri einhver leið, ég vildi aldrei gefast upp. Ég kom kannski að íshrygg sem var úr ísblökkum sem voru jafnstórir og sumarþustaðir, og ég hugsaði: Hvernig á að vera hægt að komast yfir þetta?! En það var alltaf leið.“

„Það má ekkert klikka og hugurinn verður að vera rólegur. Ef maður snýr við í höfðinu er eins gott að hætta strax.“

*(Morgunblaðið 13. maí 2000)*

## 1.1 Merktu við eina rétta setningu eða svar



1) Haraldur Örn Ólafsson ...

- a)  komst á Norðurlandinn í mars árið 2000.
- b)  og Ingbjörg Bjarnason komust á Norðurlandinn saman.
- c)  komst á Norðurlandinn í maí árið 2000.
- d)  varð að snúa við vegna kals á fingrum.

2) Hvað segir Haraldur Örn um snjóinn á Norðurlandnum?

- a)  Snjóinn á Norðurlandnum er alveg sléttur og auðvelt að ganga á honum.
- b)  Það er erfitt að ganga á snjónum á Norðurlandnum af því að hann er ekki sléttur.
- c)  Það er ekkert mál að ganga á Norðurlandnum.
- d)  Það eru margir sléttir blettir á Norðurlandnum.

3) Hvað þýðir „maður hreyfist varla“?




- a)  maður hreyfist ekkert.
- b)  maður hreyfist mjög mikið.
- c)  maður hreyfist hratt.
- d)  maður hreyfist mjög lítið.

4) Hvað meinar Haraldur þegar hann segir: „það er alltaf leið“?

- a)  að hann er mjög leiður á Norðurlandnum.
- b)  að hann gefst aldrei upp þótt allt líti illa út.
- c)  að allt er vonlaust.
- d)  að hann langi í sumarbústað.

5) Hvað finnst honum mikilvægt í svona gönguferðum?

- a)  að hugurinn sé rólegur.
- b)  að snúa við í höfðinu.
- c)  að hætta strax.
- d)  að vera klikkaður.

<b>-st sagnir</b>	
<b>að komast</b>	<p>Ég <b>kemst</b> ekki í afmælið á morgun. = Ég get ekki komið í afmælið á morgun.</p> <p>Ólafur <b>komst</b> á Norðupólinn en Ingþór <b>komst</b> ekki.</p>
<b>að hreyfa sig og að hreyfast</b>	<p>Ég <b>hreyfi mig</b> á hverjum degi. <b>Hreyfir</b> þú <b>þig</b> stundum?</p> <p>Bílinn var bilaður og <b>hreyfðist</b> ekki.</p> 
<b>að snúa, að snúa við og að snúast</b>	<p>Ég <b>sný</b> mér í hringi.</p> <p>Ég lagði af stað, en varð <b>að snúa við</b> af því að ég var ekki með lyklna mína.</p> <p>Jörðin <b>snýst</b>.</p> 
<b>að virðast vera</b>	<p>Ég leit út um gluggann og það <b>virtist</b> vera gott veður. Svo fór ég út og það var mjög kalt.</p> 
<b>að gefast upp</b>	<p>Ekki <b>gefast upp</b> þótt námið sé erfitt!</p> <p>Hann <b>gafst upp</b> og byrjaði aftur að reykja.</p>

**Að kyssa og að kyssast.  
Hver er munurinn?**



## 2. Sjónvarp og fréttir

### 2.1 Anna og Magnús spjalla



H4.28

- Anna: Ég er hætt að fylgjast með fréttum. Ég er svo leið á þeim.
- Magnús: Hvers vegna?
- Anna: Vegna þess að fréttirnar eru alltaf svo neikvæðar. Hræðilegar stríðsfréttir utan úr heimi eða voðaleg slys. Eða leiðinlegar fréttir af spilltum stjórnámálum.
- Magnús: Hvaða vitleysa! Stundum eru fréttirnar mjög jákvæðar.
- Anna: Já, er það? Nefndu eina nýlega jákvæða frétt.
- Magnús: Nú, til dæmis fréttin af litla barninu sem fæddist í biluðu lyftunni á spítalanum!
- Anna: Guð minn góður! Ég missti af þessu – og hvað gerðist?
- Magnús: Allt gekk vel – barnið var alveg heilbrigt og lyftan komst fljótlega í lag.
- Anna: Ég á ekki orð! Þetta hefur verið hræðileg reynsla! En gott að allt fór vel.



Hvers vegna? = Af hverju?

**Hvers vegna** fylgist þú ekki með fréttum?

Vegna þess að = Af því að

**Vegna þess að** þær eru svo neikvæðar.

#### Fleiri -st sagnir

að fylgjast með	Ég <b>fylgist</b> alltaf með fréttum = Ég les/hlusta/horfi alltaf á fréttir.
að gerast	Hvað er að <b>gerast</b> í heiminum? Hvað <b>gerðist</b> í gær?
að komast í lag	Lyftan var biluð en <b>komst í lag</b> eftir smástund.
að lagast og að léttast	Ég <b>lagaðist</b> í mjöðminni þegar ég <b>léttist</b> .

### 2.2 Tölum saman!



- Fylgist þú með fréttum?
- Hlustar þú á íslenskar útvarpsstöðvar?
- Horfir þú á íslenskt sjónvarp?
- Fylgist þú með fréttum á íslensku á netinu?
- Hvernig gengur þér að skilja fréttir á íslensku?
- Fylgist þú með fréttum frá þínu landi? Hver er nýjasta fréttin?

## 2.3 Fréttaverkefni

Finndu eina frétt í blaði eða á netinu og segðu bekknum frá henni

Dú getur líka hlustað á frétt í útvarpi og sagt frá henni.



### Hvað segir Fríða frænka?

Fjölmiðlar á Íslandi þar sem finna má fréttir:

*Dagblöð:* Fréttablaðið, Morgunblaðið, DV

*Netið:* mbl.is, visir.is, ruv.is, pressan.is

*Sjónvarp:* Ríkisútvarpið Sjónvarp (RÚV), Stöð 2

*Útvarp:* RÚV: Rás 1 og Rás 2, Bylgjan

## 2.4 Skrifaðu orðin sem vantar

Pað var <b>hræðileg</b> frétt í sjónvarpinu. Pað var ein <b>neikvæð</b> frétt í sjónvarpinu. Pað var ein <b>j</b> _____ frétt.	Pað voru margar <b>hræðilegar</b> fréttir í sjónvarpinu. Pað voru margar <b>n</b> _____ fréttir. Pað eru stundum <b>jákvæðar</b> fréttir.
Er bara einn <b>spilltur</b> stjórnmalamaður á landinu? Pað er einn <b>skemmtilegur</b> þáttur í sjónvarpinu. Er einn <b>leið</b> _____ stjórnmalamaður á Íslandi?	Pað eru margir <b>spilltir</b> stjórnmalamenn í heiminum. Pað eru margir <b>sk</b> _____ þættir í sjónvarpinu! Pað eru til margir <b>leiðinl</b> _____ stjórnmalamenn!
Pað varð <b>voðalegt</b> slys á Löngubraut í gær. Þetta var <b>hræðilegt</b> slys. Pað varð <b>a</b> _____ slys í gær.	Pað verða mörg <b>voðaleg</b> slys í umferðinni. Pað verða oft <b>hr</b> _____ slys í heiminum! Pað urðu mörg <b>alvarleg</b> slys í fyrra!

einn þáttur – margir þættir

### Hvers konar efni er í sjónvarpinu?



Heimildabættir og fræðslubættir



Grínþættir



Framhaldspættir



Sakamálaþættir



Kvikmyndir/bíómyndir



Íþróttæfni



Beinar útsendingar



Fréttir – fréttatengdir þættir



Veðurfréttir



Viðtalsþættir - umræðuþættir



Raunveruleikaþættir



Barnaefni - teiknimyndir



Tónlistarmyndbönd



Spurningaþættir

## 2.5 Skrifaðu rétt orð



Fylgist lært hræðilegar hreyfðist nenni neikvæður bilaður skemmtilegir  
alvarlegt gefast upp sjónvarpinu sjúkrahús gerðist lagaðist heimildabættir

\_\_\_\_\_ þú með fréttum á hverjum degi? Já, þær eru það eina sem ég \_\_\_\_\_  
að horfa á í \_\_\_\_\_. Hvað \_\_\_\_\_ í gær? Tveir slasaðir  
menn voru fluttir á \_\_\_\_\_ eftir mjög \_\_\_\_\_ umferðarslys á  
Hellisheiði. Þetta eru \_\_\_\_\_ fréttir!

Það eru \_\_\_\_\_ grínþættir á þriðjudagskvöldum. Já, það eru líka  
góðir \_\_\_\_\_ á mánudagskvöldum um dýralíf í Afríku. Ég hélt að  
bíllinn minn væri \_\_\_\_\_ af því að hann \_\_\_\_\_ ekki. En hann  
\_\_\_\_\_ eftir að ég tók bensín!

Ég get ekki \_\_\_\_\_ íslensku, það er of erfitt. Ekki vera svona \_\_\_\_\_  
og ekki \_\_\_\_\_!

### 3. Dagskráin



#### 3.1 Dagskrá sjónvarpsins mánudaginn 17. apríl

Kl. 17:00 – Garðrækt. Fræðslumynd um garðyrkju og matjurtir.  
Kl. 17:45 – Tákn málsfréttir.  
Kl. 18:00 – Barnasjónvarpið.  
Kl. 18:40 – Úlla skoðar heiminn. Finnisk stuttmynd.  
Kl. 19:00 – Fréttir.  
Kl. 19:30 – Veðurfréttir.  
Kl. 19:35 – Kastljós.  
Kl. 20:10 – Lífið í frumskóginum. Bresk heimildamynd.

Kl. 21:15 – Fjölskyldulíf (24:35).  
Kl. 22:00 – Seinni fréttir og veður.  
Kl. 22:20 – Í dauðateygjunum. Æsispennandi sakamálaþáttur byggður á bók Heidi Gloom (2:3).  
Kl. 23:20 – Þýski boltinn.  
Kl. 24:00 – Kastljós E.  
Kl. 00:20 – Fréttir E.  
Kl. 00:50 – Dagskrárlok.



#### 3.2 Hlustaðu á lýsingarnar.

**Við hvaða þátt úr dagskránni 17. apríl passar lýsingin? Skrifðu nafnið á þættinum og merktu við rétt tákn**



H4.30-33

**A.** Það var ekki fyrr en seint á 18. öld að byrjað var að gera tilraunir með kartöflurækt og ræktun matjurta hér á landi. En í Englandi og víða á meginlandi Evrópu fyrr á tímum, keypti enginn bóndi grænmeti, egg eða skinku. Bændurnir stunduðu matjurtarækt á sjálfbæran hátt og voru einnig með hænur og svín í garðinum.

Þáttur: \_\_\_\_\_  12:24

**B.** Derek og Linda eiga sjö börn og tvo hunda og líf þeirra er bæði súrt og sætt. Í þessum þætti ákveður Derek að fjárfesta í gömlum, grænum húsbíl svo fjölskyldan geti farið saman í sumarfrí. Ekki eru allir sáttir við þessi kaup og það er gaman að fylgjast með viðbrögðunum. Áfram fylgjumst við með leynilegu ástarsambandi Rosie og Ali og heilsu Colins litla sem greindist með krabbamein í síðasta þætti.

Þáttur: \_\_\_\_\_  12:24

**C.** Trén eru afar gömul, sum jafnvel mörg hundruð ára og eru mjög há. Í þessum skógum má líka finna margar sjaldgæfar dýrategundir. Margar þessara tegunda eru í útrýmingarhættu vegna mikillar eyðingar skóga. Sem dæmi má nefna tígrisdýr, nashyrninga og margar fuglategundir.

Þáttur: \_\_\_\_\_  12:24

**D.** Í síðasta þætti voru þrjár stúlkur myrtar. Þær áttu allar sameiginlegt að vera háar og grannar og skokkuðu allar í sama garðinum. Það var einmitt í þeim garði sem þær fundust láttnar. Böndin berast að eldri manni sem býr skammt frá garðinum en hann á sér skuggalega fortíð og þykir fáskiptinn og undarlegur. Ekki er þó allt sem sýnist og lögreglukonan Sheila Frost og aðstoðarmaður hennar þurfa að hætta lífi sínu við lausn gátunnar áður en yfir lýkur.

Þáttur: \_\_\_\_\_  12:24

Hvernig veistu hvaða þáttum er verið að lýsa?

### 3.3 Jón og Susan spjalla



H4.34

- Jón: Hvað ætlar þú að gera í kvöld?
- Susan: Æ, veit ekki. Kannski bara glápa á sjónvarpið.
- Jón: Hvernig nennirðu því? Hvað horfir þú á í sjónvarpinu?
- Susan: Ég vil helst horfa á góða sakamálaþætti eða bíómyndir.
- Jón: Ég er hættur að horfa á sjónvarpið, ég finn bara þætti á netinu til að horfa á.
- Susan: Já, það er góð hugmynd. Ég ætla að prófa það einhvern tímann.

### 3.4 Könnun. Spurðu bekkjarfélaga þína:

Hvað horfir þú helst á í sjónvarpi eða á netinu? Merktu við



Dæmi:   \_\_\_\_\_  
Heimildarþættir



\_\_\_\_\_

Fréttir



\_\_\_\_\_

Sakamálaþættir



\_\_\_\_\_

Grínþættir



\_\_\_\_\_

Kvikmyndir

Annað: \_\_\_\_\_

### 3.5 Tengdu saman setningarnar



1. Ég var að horfa á mjög myndinn grínþátt \_\_\_\_\_ á íþróttir í sjónvarpinu.
2. Ég fylgist \_\_\_\_\_ netinu.
3. Ég var að horfa á fræðsluþátt \_\_\_\_\_ alltaf svo neikvæðar.
4. Mér finnst fréttirnar \_\_\_\_\_ alltaf með fréttum.
5. Ég var að hlusta á frábæran þátt 1 og skellihló!
6. Ég horfi bara \_\_\_\_\_ um matarmenningu í Víetnam.
7. Ég horfi stundum á framhaldsþætti á \_\_\_\_\_ í útvarpinu.





## 5. Hvað kann ég?



### 5.1 Taktu viðtal við bekkjarféлага þinn og segðu svo frá!



1. Fylgist þú með fréttum í íslensku sjónvarpi? Af hverju/af hverju ekki?  
Hvernig – í sjónvarpi/útvarpi/á netinu/í blöðum?

---

---

2. Fylgist þú með fréttum frá eigin landi? Hvernig gerir þú það? Hver er nýjasta fréttin?

---

---

3. Á hvað horfðir þú í sjónvarpinu í gær/síðast? Hvernig var það?

---

---

4. Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Hvernig þáttur/efni er það?  
Hvers vegna finnst þér þetta gott efni?

---

---

5. Hver er frægur í þínu landi? Af hverju er hún/hann fræg(ur)?

---

---

6. Hefur þú gaman af slúðri? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

---

---

### 5.2 Veldu rétt orð og skrifaðu í eyðurnar



leiðinlegar virðist spilltir sakamálaþættir  
gerðist snúa við komst skemmtilegir

Það eru margir \_\_\_\_\_ stjórnámálamenn í heiminum. Mér finnst alltaf vera \_\_\_\_\_ fréttir í sjónvarpinu. Hvað \_\_\_\_\_ árið 2000? Haraldur Ólafsson \_\_\_\_\_ á Norðurpólinn en Ingþór Bjarnason varð að \_\_\_\_\_ . Á mánudagskvöldum eru alltaf \_\_\_\_\_ framhaldsþættir. Seint um kvöldið eru stundum spennandi \_\_\_\_\_ á dagskrá. Það \_\_\_\_\_ vera gott veður úti.

## 6. Sjálfsmat – Petta kann ég!



### 1. Ég kann að segja

- Ég **fylgist** með fréttum  í sjónvarpi  í útvarpi  á netinu  í blöðum
- Það **virðist** vera gott veður.
- Bíllinn er bilaður, hann **hreyfist** ekki.
- Ég **kemst** ekki í afmælið.
- Hvað **gerðist** í gær?

### 2. Ég kann orð um **sjónvarpsefni**

- fréttir  veðurfréttir  heimildarþættir
- íþróttaeefni  grínþættir  sakamálaþættir
- kvikmyndir  framhaldsþættir

### 3. Ég kann að segja

- Einn **skemmtilegur** þáttur – margir **skemmtilegir** þættir
- Ein **hræðileg** frétt – margar **hræðilegar** fréttir
- Eitt **voðalegt** slys – mörg **voðaleg** slys

4. Æfðir þú þig í að tala?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel

5. Æfðir þú þig í að skrifa?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel

6. Æfðir þú lestur?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel

7. Æfðir þú hlustun?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Skildir þú allt?  Já, allt  Já, mikið  Nei, lítið

8. Notaðir þú orðabók?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, ekki neitt

9. Hvað **lærðir þú nýtt** í 5. kafla? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

10. Hvað ætlar þú **að nota**? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

11. Hvað þarftu **að læra betur**? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Miðmyndarsagnir (-st sagnir)

	að lagast	að fylgjast með	að komast	að snúast
<b>Nútið</b>				
ég	lagast	fylgist með	kemst	snýst
þú	lagast	fylgist með	kemst	snýst
hann/hún/það	lagast	fylgist með	kemst	snýst
við	lögumst	fylgjumst með	komumst	snúumst
þið	lagist	fylgist með	komist	snúist
þeir/þær/þau	lagast	fylgjast með	komast	snúast
<b>Pátíð</b>				
ég	lagaðist	fyldist með	komst	snerist
þú	lagaðist	fyldist með	komst	snerist
hann/hún/það	lagaðist	fyldist með	komst	snerist
við	lögudumst	fyldumst með	komumst	snerumst
þið	lögudust	fyldust með	komust	snerust
þeir/þær/þau	lögudust	fyldust með	komust	snerust

## Merking miðmyndarsagna

Í miðmynd vantar stundum geranda eða gerendur eru fleiri en einn.

**Germynd:**

**Ég** sný stólnum. (*Ég* er gerandi, *stóllinn* er þolandi, sný (að snúa) er **germynd**)

**Hann** kyssir konuna. (*Hann* er gerandi *konan* er þolandi, kyssir er **germynd**).

**Miðmynd:**

Stóllinn **snýst**. (*Stóllinn* er þolandi, *snýst* er **miðmynd** (að snúast) og það er enginn gerandi).

Þau kyssast. (*Hann* kyssir hana og *hún* kyssir hann á sama tíma, *kyssast* er **miðmynd**, hér eru tveir gerendur: *þau*).

Merking miðmyndarsagna er stundum sú sama eða svipuð og germyndarmerkingin, en ekki alltaf.

**Sama merking:**

að heilsa/st. Ég heilsa þér og þú heilsar mér = við heilsumst.

**Svipuð merking:**

að koma/st. Hann kom ekki í gær./Hann **komst** ekki í gær (= Hann gat ekki komið).

**Ólík merking:**

að anda/st. Hann andaði að sér hreinu lofti/Hann **andaðist** í gær (= hann dó í gær).

## Lýsingarorð

### Margir – margar – mörg

	kk	kvk	hk
eintala			
<b>nefnifall</b>	margur	mörg	margt
<b>þolfall</b>	margan	marga	margt
<b>þágufall</b>	mörgum	margri	mörgu
<b>eignarfall</b>	margs	margrar	margs
fleirtala			
<b>nefnifall</b>	margir	margar	mörg
<b>þolfall</b>	marga	margar	mörg
<b>þágufall</b>	mörgum	mörgum	mörgum
<b>eignarfall</b>	margra	margra	margra

### Sterk beyging

Karlkyn						
et.	<b>nf</b>	góður	grannur	hár	grænn	fyndinn
	<b>þf</b>	góðan	grannan	háan	grænan	fyndinn
	<b>þgf</b>	góðum	grönnum	háum	grænum	fyndnum
	<b>ef</b>	góðs	granns	hás	græns	fyndins
ft.	<b>nf</b>	góðir	grannir	háir	grænir	fyndnir
	<b>þf</b>	góða	granna	háa	græna	fyndna
	<b>þgf</b>	góðum	grönnum	háum	grænum	fyndnum
	<b>ef</b>	góðra	grannra	hárra	grænna	fyndinna
Kvenkyn						
et.	<b>nf</b>	góð	grönn	há	græn	fyndin
	<b>þf</b>	góða	granna	háa	græna	fyndna
	<b>þgf</b>	góðri	grannri	hárrí	grænni	fyndinni
	<b>ef</b>	góðrar	grannrar	hárrar	grænnar	fyndinnar
ft.	<b>nf</b>	góðar	grannar	háar	grænar	fyndnar
	<b>þf</b>	góðar	grannar	háar	grænar	fyndnar
	<b>þgf</b>	góðum	grönnum	háum	grænum	fyndnum
	<b>ef</b>	góðra	grannra	hárra	grænna	fyndinna
Hvorugkyn						
et.	<b>nf</b>	gott	grannt	hátt	grænt	fyndið
	<b>þf</b>	gott	grannt	hátt	grænt	fyndið
	<b>þgf</b>	góðu	grönnu	háu	grænu	fyndnu
	<b>ef</b>	góðs	granns	hás	græns	fyndins
ft.	<b>nf</b>	góð	grönn	há	græn	fyndin
	<b>þf</b>	góð	grönn	há	græn	fyndin
	<b>þgf</b>	góðum	grönnum	háum	grænum	fyndnum
	<b>ef</b>	góðra	grannra	hárra	grænna	fyndinna

Ég horfði á fyndinn þátt í gær.

Það voru góðir þættir í sjónvarpinu í gær.

Ég er í grænni peysu.

Konurnar voru háar og grannar.

Ég var að lesa fyndið slúður.

Trén í skóginum eru há og græn.





orð	þýðing
að andast	
að fylgjast með	
að gefast upp	
að hreyfast	
að klikka	
að komast	
að lagast	
að leggja af stað	
að léttast	
að snúa við	
að toga	
að virðast	
alvarlegur	
athygli	
bilaður	
endalaus	
fjölmiðill	
framhaldspáttur	
frétt	
fræðslupáttur	
frægur	
garðrækt	
geimvera	
heimildapáttur	
hræðilegur	

orð	þýðing
hugur	
lyfta	
Norðurpóllinn	
mjöðm	
orðrómur	
óvenjulegur	
reynsla	
rólegur	
sakamál	
sleði	
sléttur	
slys	
spennandi	
spilltur	
varla	
vitleysa	
voðalegur	
vonlaus	